

Nd.

638. Tillögur

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að framfylgja stranglega fyrirmælum reglugerðar 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil o. fl.
2. Að ganga ríkt eftir, að umboðsmenn þjóðjarða innheimti jarðarafgjöld í tæka tíð, og gæti þess að lögtaksréttur gjaldanna glatist ekki.